

Frístundaheimilið í Rimaskóla -Tígriarbær-



Frístundaheimili
Fyrir börn fædd á árinu 2001 – 2005

Hvað er Frístundaheimili?

Frístundaheimilin eru 8 talsins í Grafarvogi og tilheyra þau öll frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ. Frístundaheimilin hafa það að markmiði að skapa þægilegt og heimilislegt andrúmsloft í samvinnu við börnin.

Börnunum er boðið upp á skipulagt tómsundastarf, frjálsan leik og rólegheit eftir þeirra eigin vali, enda er lítið svo á að sá tími

sem börnin dvelja hjá okkur sé þeirra frítími og því eðlilegt að þau hafi eitthvert val um hvernig honum skuli háttað. Frístundaheimili ÍTR leggja mikla áherslu á barnalýðræði auk jákvæðni og fjölbreytileika. Einnig er lögð rík áhersla á gott samstarf og upplýsingastreymi milli foreldra, frístundaheimilis og skóla. Börn með sérþarfir fá stuðning sem er skipulagður á hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra og skóla.



Opnunartími



Börnin í 1. bekk koma kl. 13:30 og 2. – 4. bekkur kemur kl. 13:50. Það er opið í Tígriarbæ til 17:15. Á starfsdögum skólans, foreldradögum og í jóla- og páskafríum er opið frá kl. 8:00 í Tígriarbæ. Skrá þarf sérstaklega fyrir þá daga.

Í skipulögðum haust- eða vetrarfríum skólans er lokað á frístundaheimilunum. Einnig er lokað á starfsdögum frístundaheimilisins 23. nóvember 2011 og 21. mars 2012

Dagskrá



Á frístundaheimilinu Tígriarbæ er skipulögð dagskrá sem getur falið í sér rólegheit eins og föndur, leiki eða frjálsan leik. Við munum vinna mikið í hópastarfi og með smíðjur. Þá daga sem skólinn er lokaður munum við reyna að nýta eins vel og við getum og förum jafnvel í heimsókn. Dagskráin nær yfir önnina og verður gefin út í upphafi skólaárs. Einnig er hægt að nálgast hana á heimasíðu Tígriarbæjar.



Nesti



Starfsfólk Tígriarbæjar sér um síðdegishressinguna sem boðið er uppá fyrir börnin. Í Tígriarbæ er boðið upp á brauð, mismunand álegg auk þess sem við reynum að hafa súrmjólk, hrökkbrauð, flatkökur og fleira skemmtilegt. Daglega er boðið upp á vatn og suma daga er boðið upp á mjólk. Við reynum að hafa síðdegishressinguna heimilislega með rólegu og þægilegu andrúmslofti.



Heimasíða

Við minnum alla á að skoða heimasíðu frístundaheimila ÍTR. Þar er hægt að nálgast dagskrána, myndir af börnunum sem teknar eru í starfinu og ýmislegt fleira skemmtilegt.

Heimasíða Tígrisbæjar er
www.gufunes.is/tigrisbaer



Mikilvægt fyrir foreldra



Foreldrar þurfa að muna að hafa börnin ávallt klædd eftir veðri og einnig hefur það sýnt sig að það margborgar sig að merkja fót barnanna ef þau skyldu fara á eitthvað flakk. Mikilvægt er að foreldrar láti okkur vita ef börnin forfallast og einnig eru allar upplýsingar um heilsufar barnsins nauðsynlegar þannig að starfsmenn geti brugðist rétt við ef eitthvað bjátar á. Allar upplýsingar um heilsufar eru að sjálfsögðu trúnaðarupplýsingar.

Ekki er leyfilegt að koma með sætindi, peninga, GSM-síma eða leikföng meðferðis nema sérstaklega sé kveðið á um slíkt.

Allir starfsmenn Tígrisbæjar eru með mikla reynslu af börnum og hafa náð tuttugu ára aldri. Hámarksfjöldi barna á hvern starfsmann eru 12 – 16 börn.

Foreldrar eru beðnir um að virða vinnutíma barna sinna á meðan vistun stendur og hafa allar símhringingar í lágmarki.

Ef barn á að fara fyrir heim eða fær frí í Tígrisbæ þurfa upplýsingar varðandi það að koma beint frá foreldrum, með smsi, tölvupósti eða miða í töskuna.

Ef farið er í ferð með frístundaheimilinu er bakpoki með í för sem inniheldur sjúkrakassa, GSM-síma, skráningarlista og nauðsynleg símanúmer

Allir starfsmenn sækja skyndihjálparnámskeið og læra fyrstu hjálp. Ef barn verður fyrir óhappi fer ákveðið verkferli í gang. Við minniháttar slyss skoðum við meiðslin og látum foreldra eða forráðamenn vita.



Starfsmenn



Starfsfólkið í Tígrisbæ leggur metnað sinn í að börnunum líði vel þann tíma sem þau dveljast á frístundaheimilinu. Áhersla er lögð á að tryggja öryggi barnanna og veita bæði þeim og foreldrunum góða þjónustu.

Símanúmer Tígrisbæ : 587 2406 / 411 7736

Gsm símanúmer Tígrisbæ : 695 5196

Netfang: tigrisbaer@itr.is

Verkefnastjóri Tígrisbæjar er

Dagný Edda Þórisdóttir

Gjaldskrá

Vistun í Tígrisbæ án síðdegishressingar

5 dagar í viku kr. 10.040 á mánuði

4 dagar í viku kr. 8.185 á mánuði

3 dagar í viku kr. 6.325 á mánuði

2 dagar í viku kr. 4.450 á mánuði

1 dagur í viku kr. 2.590 á mánuði

Gjaldskrá fyrir síðdegishressingu

5 dagar í viku kr. 2.900 á mánuði

4 dagar í viku kr. 2.320 á mánuði

3 dagar í viku kr. 1.740 á mánuði

2 dagar í viku kr. 1.160 á mánuði

1 dagur í viku kr. 580 á mánuði